

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	7. apríl 2022	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	SJ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Gylfi Ólafsson (GÓ), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BP)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 7. apríl 2022

1. Fundargerð 10. mars 2022

Fundargerð stjórnarfundar 10. mars 2022 samþykkt.

2. Aðalfundur 19. maí 2022

- Hugmyndir að fundarstjóra næsta aðalfundar ræddar. Kristján mun hafa samband við viðkomandi.
- Lagabreytingar. Engar tillögur að lagabreytingum liggja fyrir að svo stöddu.
- Erindi utan venjulegra aðalfundarstarfa
DH hafði samband við Áslaugu Eir Hólmgeirsdóttur og Hildi Ösp Gylfadóttur sem rituðu áhugaverða grein sem birtist á visir.is: [Pegar leikreglurnar líkjast lönguvitleysu - Vísir \(visir.is\)](#). Þær hafa tök á að koma á aðalfundinn og vera með innlegg og stýra umræðum í kjölfarið.
- Kjörnefnd
Hrafnkell Gíslason gefur ekki kost á sér aftur í kjörnefnd. KS og DH skoða.
- Árgjald. Er nú 25.000 kr. Ákveðið að leggja til óbreytt árgjald.

3. Forstöðumenn og pólitík

Almennar umræður um forstöðumenn og pólitík. GÓ er nú oddviti í framboði. Ráðuneyti hans gerði enga fyrirvara við framboðið enda verður þetta hans aukastarf.

4. Fundur með félagsmanni um reynslu af störfum innan ramma starfsmannalaga

Fulltrúar stjórnar ásamt framkvæmdastjóra áttu fund með félagsmanni þar sem rætt var um reynslu hans og fleiri félagsmanna af því að tjónka við starfsemi stofnunar sinnar innan þröngs ramma laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (starfsmannalaga). Til dæmis hvað áminningarferli skilar litlum árangri ef forstöðumenn á annað borð hafa sig í að fara í það ferli sem er allt of þungt í vöfum. Einnig rætt um nýjan veruleika vegna samfélagsmiðla. Starfsmenn stofnana eiga það til að setja starfsmannamál stofnunar á samfélagsmiðla.

Af hálfu fulltrúa FFR kom fram að mál af þessu tagi eru í umræðunni með KMR. Hugmyndir ræddar um að leiða saman mannauðstjóra og forstöðumenn til að ræða þessi mál. Þá mun Mannauðstorgið leggja línurnar um hvernig slík mál ættu að vinnast.

Að lokum var rætt um hvort dusta ætti rykið af siðareglum ríkisstarfsmanna, uppfæra þær. Erum svo lengi að fá fordæmi eða reglur ef mál af þessu tagi þurfa alltaf að fara í gegnum umboðsmann eða dómstóla.

5. Upplýst um efni síðasta samráðsfundar með KMR

Nýr starfsmaður KMR hefur hafið störf. Á fundinum var stiklað á stóru um helstu atriði í fjármálaáætlun 2023-2027. Bent sérstaklega á að skoða umbótakaflann, þar væru tækin og tólin sem stofnanir geta notað. Þá var rætt um stjórnendastefnuna og framgang verkefna. Þann 29. apríl nk. verður vinnustofa fyrir nýja forstöðumenn. FFR mun aðstoða KMR við að auglýsa vinnustofurnar. FFR óskaði eftir upplýsingum um hvort að einhver formleg vinna væri í gangi varðandi endurskoðun á starfsmannalögum. Engin formleg vinna er í gangi. Þá var rætt um Mannauðstorgið. Stjórnarmenn fá senda slóð sem er í prufu.

6. Starf framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri félagsins hefur sagt upp störfum. Ákveðið að auglýsa starfið á mbl og Alfred.is

7. Önnur mál

a. Heimboð FFR á stofnun

KS er að skoða.

b. Breyting á reglum um fyrningu orlofs

Fjársýslan minnti nýlega á breytingar á reglum um fyrningu orlofs. Ákveðið að kanna hjá KMR hvort að þetta eigi við um forstöðumenn.

c. Starfsþróunarsetur háskólamanna

Framkvæmdastjóri Starfsþróunarseturs háskólamanna hafði samband og óskar eftir tækifæri til að kynna þá möguleika sem Starfsþróunarsetur háskólamanna býður upp á varðandi styrkveitingar. Styrkir eru m.a. veittir til að styðja verkefni sem snúa að þróun mannauðs og leiða af sér nýsköpun, framþróun og /eða breytt verklag. Samkvæmt nýrri könnun sem hún gerði meðal stjórnenda stofnana ríkisins og sveitarfélaga þá eru aðeins 12% sem þekkja vel eða frekar vel til Starfsþróunarsetursins.

Stjórnarmenn veltu því upp hvort að forstöðumenn ættu rétt á styrkjum úr sjóði Starfsþróunarseturs háskólamanna. Ákveðið að fá það staðfest áður en lengra er haldið.